

**Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 9. janúar klukkan 16:30,
Síðumúli 15.**

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir. Silja Ösp verkefnastjóri sat fundinn.

Fundargerð ritaði Daníel Örn.

Erindi milli funda:

SRD/BSI nefnd NKU: Herdís Hallmarsdóttir tók sæti í SRD/BSI nefnd innan NKU fyrir hönd HRFÍ. Herdís er sýningadómar og þekkir því BSI kerfið (breed specific instructions) og hefur þegar tekið þátt á ráðstefnu og haldið erindi um brachycephalic tegundir. Erindið var afgreitt þann 09.12.2022.

Umskráning ættbóka frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi. Stjórn Hundaræktarfélags Íslands tók ákvörðun þann 7. desember síðastliðinn að stöðva umskráningar ættbóka frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi meðan á stríði stendur. Stjórn hafði áður tekið ákvörðun um að beita ekki slíku úrræði, heldur leggja frekar Úkraínska hundaræktarfélaginu lið eftir fremsta megni. Harka hefur færst í stríðsrekstur Rússa í Úkraínu og hefur stjórn HRFÍ tekið þá ákvörðun að fylgja fordæmi aðildarfélaga í NKU og hætta umskráningum á ættbókum frá þessum löndum á meðan á stríði stendur. Tekur gildi 1. mars 2023. Þá tók stjórn HRFÍ ákvörðun um að bjóða ekki sýningadómurum sem þiggja boð að dæma á sýningum í Rússlandi og Hvíta-Rússlandi, að dæma að á sýningum undir merkjum HRFÍ.

Úrskurður Landsréttar. Miðvikudaginn 21. desember 2022, í máli nr.758/2022: *Arna Rúnarsdóttir og Rína Helgadóttir (Jón Egilsson lögmaður) gegn Daníel Erni Hinrikssyni, Helgu Kolbeinsdóttur, Mariönnu Gunnarsdóttur, Guðbjörgu Guðmundsdóttur, Auði Sif Sigurgeirsdóttur og Hundaræktarfélagi Íslands til vara (Jónas Fr. Jónsson lögmaður),* staðfesti Landsréttur niðurstöðu Héraðsdóms um frávísun. Þá var fallist á kröfu varnaraðila um að málskostnaður yrði hækkaður og ákvarðaður hverjum fyrir sig um 150.000 kr. Máls- og kærumálskostnaður, 900.000 kr, hefur verið greiddur og rennur til Hundaræktarfélags Íslands. Kostnaður HRFÍ vegna málaferla í heild sinni, v/HRFÍ, stjórnar og síðanefndar, er rúmlega 8 milljónir króna. Þetta er í annað sinn sem Landsréttur staðfestir frávísun Héraðsdóms.

Fréttir frá skrifstofu, Silja.

Tölvukerfið, eigendaskipti og titlaumsóknir hafa verið tekin í gagnid.

Félagsgjöld verða innheimt á gamla mátann meðan unnið er í forritun á nýja kerfinu. Seðilgjald leggst ofan á félagsgjald.

Nýr starfsmaður hefur komið og fengið kynningu á starfinu og hefur störf um leið og ráðið hefur verið í hennar stöðu.

Útbúin hefur verið vinnudagbók/verkferlabók í excel fyrir starfsfólk.

Erindi frá félagsmanni

Óskað eftir undanþágu á skráningu í ættbók á gotum.

Segir í erindi félagsmanns sem barst stjórn 30.11.2022 að sæði úr hundi með niðurstöður úr mjaðma- og olnboga myndatöku eru HD A og ED 1. Tíkin sem notuð var í þörun er skráð með niðurstöðurnar HD B og ED 2 hjá OFA og HD B og ED 1 hjá FCI. Tíkin átti áður got, árið 2019, með rakka með skráðar niðurstöður HD C og ED 1. Nýjar reglur um skráningu í

ættbók tóku gildi 01.04.2021 sem í dag útiloka þörun milli einstaklinga með þessar HD/ED niðurstöður. Fjórir af fimm hvolpum tíkarinnar úr hennar fyrra goti hafa verið myndaðir með skráðar niðurstöður HD A og ED 0. Bendir félagsmaður/ræktandi á að heilbrigðiskröfur fyrir tegundina séu mun strangari hér á landi en víða annars staðar.

Óskað er eftir því að félagið gefi út ættbækur fyrir gotin, einstaklingarnir verði settir í ræktunarbann sem verði aflétt eftir að niðurstaða fæst úr mjaðma- og olnbogamyndun.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands hefur áður tekið beiðni félagsmanns fyrir og henni svarað á þá leið að stjórn muni ekki veita undanþágu frá reglum um skráningu í ættbók, almenna hlutanum sem gildir um öll hundakyn. Stjórn hafnar beiðninni í annað sinn og mun ekki veita undanþágu á gildandi reglum um skráningu í ættbók.

Erindi frá stjórn DESÍ

Stjórn DESÍ lýsir yfir áhyggjum sínum af eftirfarandi málum:

Annars vegar að búið sé að para rakka og tík af tegundinni enskur setter sem eru að sögn eiganda þeirra beggja, bæði berar fyrir sjúkdóminn NCL (Neuronal ceroid lipofuscinosis) sem er hrörnunarsjúkdómur í miðtaugakerfi. Sjúkdómseinkenni hjá sýktum hundum byrja á aldrinum eins til tveggja ára og fela m.a. í sér hegðunarbrestir eins og árársargirni, áráttuhegðun og tap á lærdri færni. Sjúkdómurinn er ekki hægt að meðhöndla.

Stjórn DESÍ leikur þá forvitni á að vita hvort félagsmenn geti mælt með slíku goti, sérstaklega þar sem vitað er að gotið verður ekki ættbókarfært samkvæmt lögum og reglum HRFÍ.

Í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ segir í 2.kafla, Ræktun: Félagsmanni í HRFÍ ber að:

1. Nota hunda af sömu tegund til ræktunar og einungis hunda sem eru ættbókarfærðir hjá HRFÍ eða öðru félagi sem HRFÍ viðurkennir ættbækur frá. Ræktun, kaup og sala á óættbókarfærðum hundum er bönnuð.
2. Stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn og ef því er að skipta, ákvæði varðandi vinnu- eða veiðipróf, sem í gildi eru fyrir það hundakyn sem hann ræktar.
3. Ávallt bera heilsu og vellíðan ræktunardýra og afkvæma þeirra fyrir brjosti. Nota aðeins til ræktunar hunda, sem eru bæði líkamlega og andlega heilbrigðir og hafa gott geðslag sem er einkennandi fyrir viðkomandi kyn. Ekki skyldi nota hund sem sýnir hegðunarbresti svo sem ýkt hræðsluviðbrögð eða árársarhegðun án tilefnis og við hversdaglegar aðstæður.
4. Fara eftir gildandi reglum um erfðasjúkdóma sem forðast þarf í ræktun sbr. reglur um skráningu í ættbók HRFÍ og forðast þörun dýra sem skv. fyrirliggjandi upplýsingum gefa auknar líkur á alvarlegum sjúkdómi/fötlan afkvæma. Ekki skyldi endurtaka þörun þar sem fæðst hafa hvolpar með alvarlegan galla. Ekki nota ræktunardýr sem haldin eru víkjandi arfgengum sjúkdómi og einungis nota bera fyrir víkjandi arfgengum sjúkdómum ef þeir eru paraðir við einstaklinga sem sannanlega bera ekki sama sjúkdóm, svo fremi það stangast ekki á við ræktunarmarkmið eða reglur félagsins.
5. Para ekki alsystkini, föður með dóttur eða móður með syni.
6. Sjá til þess að áður en hvolpur er afhentur, sé hann í umhverfi sem þjónar líkamlegum og andlegum þroska og að hann njóti viðeigandi umhverfisþjálfunar. Hvolpar eiga að vera hjá tík þar til þeir eru a.m.k. átta vikna gamlir.
7. Hvetja hvolpakaupendur til að fara með hunda sína í sýningardóm, auk viðeigandi vinnu- og veiðipróf hjá HRFÍ til að hægt sé að meta stöðu ræktunar hverju sinni.

Reynist rétt vera, að paraðir hafi verið ensk setter hundarnir, tíkin XXXX og rakkinn YYYY, sem bæði eru berar af NCL að sögn eiganda þeirra, er ljóst að eigandi/félagsmaður hefur gerst

brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ, þær sem hér eru tilteknaðar, hvort sem hefði komið til ættbókarskráningar eða ekki. Stjórn telur erindið frekar eiga erindi við síðanefnd HRFÍ.

Þá segir jafnframt í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ, í almenna hluta reglnanna, 2.lið: „Koma ávallt þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti HRFÍ. Tjá sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn.“

BOAS (brachycephalic obstructive airway syndrome)

Daníel og Guðbjörg hafa unnið bréf til Dýralæknafélags Íslands, DÍ, um samstarf fyrir BOAS prófin. Bréfið er lagt fram til samþykktar. Allir samþykkir.

Erindi frá Retrieverdeild HRFÍ

Lögð var fram til samþykktar umsókn um dagskrá veiðiprófa og deildarsýningar Retrieverdeildar fyrir starfsárið 2023. Sunna Birna formaður deildarinnar sendi póst 11.12.2022. Stjórn samþykkir erindið.

Ræktunar- og staðlanefnd

Nefndin skilaði greinargerð til stjórnar þann 26. desember síðastliðinn.

DNA próf fyrir Papillon, sent frá Smáhundadeild.

Breytingatillaga: *CONTINENTAL TOY SPANIEL (PAPILLON/PHALÉNE) Skráning afbrigða í ættbóki: P (Papillon) ef eyru eru upprétt, PH (Phaléne) ef eyru falla fram. Para má saman papillon/phalene. Hvolpa skal skrá þannig: Papillon undan tveimur papillon foreldrum, phaléne undan tveimur phalene foreldrum. Hvolpar úr papillon/phaléne pörun skulu skráðir það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu. Varðandi umskráningu á papillon/phalene, phalene/papillon, sjá sýningareglur. Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð, hnéskeljavottorð og DNA próf PRA 1 skal vera hreint, hreint af foreldra eða beri ekki er heimilt að para tvo bera saman.*

Öll afkvæmi hunda sem eru hreinar af PRA 1 eru hreinar af foreldra ef afkvæmi greinist með PRA skal sá hundur fara í DNA próf fyrir PRA 1. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Núgildandi reglur: *CONTINENTAL TOY SPANIEL (PAPILLON/PHALÉNE) Skráning afbrigða í ættbók: P (Papillon) ef eyru eru upprétt, PH (Phaléne) ef eyru falla fram. Para má saman papillon/phalene. Hvolpa skal skrá þannig: Papillon undan tveimur papillon foreldrum, phaléne undan tveimur phalene foreldrum. Hvolpar úr papillon/phaléne pörun skulu skráðir það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu. Varðandi umskráningu á papillon/phalene, phalene/papillon, sjá sýningareglur. Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir PRA 1. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.*

Segir í rökstuðning Ræktunar-og staðlanefndar:

Þegar reglugerð um ættbókarskráningu var endurskoðuð árið 2018 var sérstaklega unnið í hluta 4 og 5 þar sem snýr að DNA prófum fyrir augnsjúkdómum.

Ítarleg skoðun á röksemdum þess að halda áfram að merkja alla hunda N/C/P (normal clear by parentage) fór fram og kannað var hvernig slíku væri háttað í nágrannalöndum okkar: Flest lönd leyfðu ekki NCP skráningu en önnur leyfðu skráningu á einni kynslóð afkvæma.

Nefndin hafði samband við stærri rannsóknarstofur sem meðhöndla DNA próf í hundum og óskaði eftir upplýsingum um hvort til væri tölfraði um tíðni stökkbreytinga sem gætu skýrt hvers vegna einstaka sinnum kæmu fram berar undan fríum. Haft var samband við AHT og Optigen.

Óskað var eftir upplýsingum um tíðni rangskráningar foreldra, innsendingar á sýnum úr röngum hundum, mistökum í skráningum á þeirra enda sem og tíðni stökkbreytinga.

Svar barst frá AHT þar sem kemur fram að ekki séu til nein tölfraðigögn um ofangreint en að einstaka sinnum komi fram hvolpar sem eru berar undan hreinum foreldrum og er það þá oftast vegna rangskráningar foreldra (þ.e. hvolpur er undan öðrum en skráðu foreldri), vegna þess að eigendur hvolpa hafa ekki verið upplýstir og

foreldri eru „hrein“ vegna augnskoðunar en ekki DNA prófs og svo vegna þess að eigandi/dýralæknir sendir inn sýni úr röngu dýri (óvart eða viljandi).

Svar barst frá Optigen þar sem farið var ítarlega yfir mögulegar ástæður þess að hvolpur gæti reynst beri þrátt fyrir að vera undan clear foreldrum en helsta ástæðan sem tilgreind er er eins og hjá AHT röng ættbókarskráning. Mistök við innsendingar sýna (viljandi og óvart) eru ástæða, mistök hjá greiningaraðila. Afar fátítt er talið að stökkbreytingar séu skýringin.

Greiningaraðilar DNA sýna treystu sér ekki til þess að staðfesta NCP stöðu hjá fleirum en einni kynslóð afkvæma og því þótti ekki forsvaranlegt að félagið tæki að sér að áætla DNA stöðu lengra en sérfræðingarnir treysta sér til.

Önnur rök fyrir því að þak var sett á NCP stöðu afkvæma var til þess að auka líkurnar á því að ef til rangfærsla eða mistaka kæmi væri hægt að grípa inni fyrr en seinna. Það er að ef til þess kæmi að hundur sé skráður clear sem er annað hvort beri eða sýktur séu afkvæmi hans ekki skráð clear fram í hið óendanlega og félagið gæti þá lent í þeirri stöðu að þurfa fara rekja upp margar kynslóðir af rangskráningum.

Ræktunar- og staðlanefnd leggur til að ekki gildi sérstakar undanþágur fyrir Papillon enda fylgi breytinga beiðninni engar röksemdir fyrir sérreglum. Stjórn HRFÍ styður álit ræktunar- og staðlanefndar.

Breytingar á reglugerð um ættbókarskráningu: 10. skilyrði ræktunar einstakra hundakynja.

Úr greinargerð nefndarinnar: „Ræktunar- og staðlanefnd yfirfór á fundi 13. desember 2022 reglugerð um ættbókarskráningu 10. Lið, sérreglur einstakra hundakynja.

Farið var yfir hvaða tegundir hafa komið til landsins nýjar (eða eftir langt hlé) ásamt því sem yfirfarnar voru þær tegundir sem vitað er til þess að séu á landinu en ekki eru neinar tegundabundnar ræktunarreglur til fyrir.

Skóðaðar voru ræktunarreglur heimalands þegar upplýsingar um slíkt voru aðgengilegar, upplýsingar um ræktunarreglur á Norðurlöndunum og í Bretlandi ásamt ræktunarreglum fyrir „Breeders Plus“ ættbækur í Bretlandi og í Danmörku.

Einnig var tíðni helstu sjúkdóma skoðuð í tegundunum og leitast við að setja ekki íþyngjandi kröfur á tegundir nema um væri að ræða sjúkdóma sem skerði lífsgæði hunda og/eða séu teljandi vandamál í tegundinni.“

Fyrir utan að gera kröfu á ný hundakyn um gilt augnvottorð, og/eða vera mjaðma- og/eða olnbogamynduð, eftir tegundum, gerir nefndin tillögur að nýjum reglum fyrir nokkur hundakyn sem tilheyra Smáhundadeild:

French Bulldog breytingatillaga:

Núgildandi regla: „Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.“

Tillaga að nýrri reglu: Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Undaneldisdýr skulu hryggmynduð (spondylosis). Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Pug breytingatillaga:

Núgildandi regla: „Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.“

Tillaga að nýrri reglu: Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Maltese breytingatillaga

Núgildandi regla: „Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.“

Tillaga að nýrri reglu:

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) má aðeins para hann við hund án cataracts. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Stjórn HRFÍ er sammála breytingatillögum ræktunar- og staðlanefndar. Breytingatillögurnar verða engu að síður sendar stjórn Smáhundadeildar og óskar stjórn HRFÍ eftir því að stjórn Smáhundadeildar taki breytingartillögur nefndarinnar til skoðunar, geri við þær athugasemdir ef einhverjar eru, og sendi umsögn til stjórnar HRFÍ.

Ræktunar- og staðlanefnd leggur til að kannað sé hvort hægt sé að augnskoða Gonioscopy í augnskoðunum hér og að það sé þá einnig sett sem krafa að Shiba Inu fari í gegnum almenna augnskoðun en að þeir séu einnig Gonioscopy skoðaðir. Stjórn felur verkefnastjóra félagsins að kanna málið og styður þá álit nefndarinnar.

Paranir ólíkra afbrigða eða tegunda

Úr greinargerð nefndarinnar: „Farið var yfir á fundinum tilmæli FCI varðandi undanþágur fyrir pörunum ólíkra afbrigða tegunda eða tegunda og lagt til að stjórn yrði hvött til þess að tryggja aðgengi þessara upplýsinga á vef félagsins svo skýrt væri í hvaða tilfellum leyfilegt er að para saman ólík afbrigði og með hvaða skilyrðum. Lagt er til að hlekkur sé í reglugerð um ættbókarskráningu eða ákvæði innan hvernar tegundar sem hefur þessa heimild.“

-Silja og Guðbjörg taka við þessum hluta.

Vinnulag við yfirferð nýrra tegunda

Ræktunar- og staðlanefnd fór yfir á fundinum hvernig vinnulag væri heppilegast þegar kæmi að því að yfirfara hvort og þá hvaða sérreglur skyldi setja fyrir nýjar tegundir. Leggur nefndin til að skrifstofa félagsins beri ábyrgð á því að tilkynna um nýjar tegundir (sem og tegundir sem koma aftur eftir hlé) en að jafnframt færi nefndin yfir tvisvar á ári allar tegundir skráðar á hundavefnum og beri saman við þær tegundir sem um gilda sérreglur í reglugerð um ættbókarskráningu í 10.lið. Stjórn HRFÍ er sammála ræktunar- og staðlanefnd og Silja upplýsir starfsfólk skrifstofu.

Fóðursamningar

Lagðar eru fyrir fundinn breytingar á áður samþykktum drögum að fóðursamningum fyrir félagsmenn. Stjórn samþykkir samningana og sendir laganeftnd félagsins þá til yfirlestrar.

Melabraut 17

Lagðar voru fyrir fundinn teikningar á skrifstofurými í nýju húsnæði félagsins að Melabraut 17. Sigrún Valdimarsdóttir hefur teiknað breytingarnar og fær þakkir fyrir. Stjórn HRFÍ samþykkir teikningarnar.

Norðurlandamót í keppni ungra sýnenda

Erna Sigríður Ómarsdóttir, fyrir hönd sýningastjórnar, óskað eftir fundi með stjórn HRFÍ vegna málsins og kynnti fjárhagsáætlun viðburðarins. Ágústa Pétursdóttir mætti einnig á fundinn.

Önnur mál

Sámur - verðskrá auglýsinga.

Fundi slitið klukkan 18:45.

Næsti fundur áætlaður 23. janúar 2023.